

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 5. október 2006 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð og síðan þann 28. desember 2006, eftir lagfæringar á gögnum, afgreitt deiliskipulagið sem er dagsett 13. apríl 2005.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun og tekur til sorpurðunarsvæðis, hreinsisvæðis fyrir sigvatn frá urðunarstaðnum, jarðgerðarsvæðis og móttökusvæðis og m.a. á nýjum urðunarreinum og hæð þeirra. Svæði til urðunar er nú um 11,6 ha að stærð, var áður 19 ha.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 28. apríl 1994. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 43/2007.

*Þorlákshöfn, 5. febrúar 2007.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2007